Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar
Bæjarstjóri
Skipulags- og byggingafulltrúi Ísafjarðarbæjar
Stjórnsýsluhúsinu
Hafnarstræti 1
400 Ísafirði

Ísafjarðarbær
MÓTTEKIÐ
06. des 2019
Málsnr. 2013-10-0065
Frumrit - skilist til skjalasafns

Ísafirði 4. desember 2019.

Ágæta bæjarstjórn, bæjarstjóri og skipulagsfulltrúi.

Fyrir fjórum árum síðan ritaði ég fyrir hönd stjónar kirkjugarða Ísafjarðar skipulagsyfirvöldum bæjarins bréf. Þar var óskað eftir því að Réttarholtskirkjugarður í Engidal yrði stækkaður. Lagt var til að kirkjugarðurinn yrði stækkaður til vesturs í átt að fjallinu Kubba.

Nú er komið að því að hefja undirbúning framkvæmda. Hér með óska ég eftir skriflegu svari skipulagsyfirvalda og bæjaryfirvalda um þetta mál ásamt upplýsingum um hvaða landssvæði þið hyggist leggja undir stækkun kirkjugarðsins. Nauðsynlegt er fá slíkar upplýsingar á komandi mánuðum því fara þarf í all nokkra undirbúningsvinnu. Teikna þarf upp stækkun garðsins áður en hægt er að hefja undirbúningsframkvæmdir.

Ekki er lengur hægt að fresta þessu máli því ekki líður á löngu áður en öllum legstæðum í Réttarholtskirkjugarði hefur verið ráðstafað. Þá hefur stjórn kirkjugarðanna hug á því að skipuleggja sérstakan duftgrafreit en einnig þarf að afmarka sérstakt svæði fyrir þá, sem vilja hvíla í óvígðri mold og annað svæði fyrir múslíma.

Vísað er til 12., 13. og 14. gr. laga nr.36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Þess skal getið að tillaga um stækkun Réttarholtskirkjugarðs verður lögð fram á aðalstafnaðarfundi Ísafjarðarsóknar næsta vor.

Með kærri kveðju og
von um góðar undirtektir.

Magnús Erlingsson

Magnús Erlingsson,
sóknarprestur á Ísafirði,

Ísafjarðarkirkja • Sólgötu 1 • 400 Ísafjarðarbær • Sími 456 3171 • 844 7153 • Myndsími 456 3070 • Netfang isafjardarkirkja@simnet.is